

Getgátur um orsakir spilasýki

Getgátur um orsakir spilasýki Í FRÆÐSLURITI SÁÁ, Spilafíkn viðráðanlegur sjúkdómur, eftir Pétur Tyrfingsson, segir að geðlæknar og taugasálfræðingar hafi reynt að rannsaka miðtaugkerfið í fólki sem greinist með spilaáráttu.

Getgátur um orsakir spilasýki

Í FRÆÐSLURITI SÁÁ, Spilafíkn viðráðanlegur sjúkdómur, eftir Pétur Tyrfingsson, segir að geðlæknar og taugasálfræðingar hafi reynt að rannsaka miðtaugkerfið í fólki sem greinist með spilaáráttu. Sumir hafi beint rannsóknum sínum að heilabylgjum og boðefnabúskap heilans og samhæfingu heilahvelanna. Aðrir hafi rannsakað þá spennu sem fjárhættuspil skapar hjá einstaklingum þegar þeir spila. Markmiðið hafi verið að leita að truflunum eða starfspáttum í miðtaugakerfinu sem skýri hvers vegna einn sé veikari fyrir að ánetjast fjárhættuspili en annar. Enn sé þó illmögulegt að draga ályktanir af þeim fáu rannsóknum sem bendi til sameiginlegra eða algengra persónueinkenna í fari spilafíkla, því ekki sé hægt að segja til um hvort þessi einkenni séu fylgikvillar spilaáráttunnar eða undanfari hennar.

Bakgrunnur

spilasjúklinga

Í ritinu er vitnað í Richard J. Rosenthal, bandarískan geðlækni, sem segir að sjö atriði einkenni mjög lífssögu spilasjúklinga.

- Saga um áfengissýki eða spilafíkn í fjölskyldunni.
- Einstaklingurinn elst upp í fjölskyldu þar sem foreldri er sérstaklega gagnrýnið, hafnandi og tilfinningalega fjarlægt.
- Í fjölskyldunni er áhersla á stöðutákn og gildi peninga ofmetið.
- Einstaklingurinn er alinn upp í miklum keppnisanda. Þetta á sérstaklega við um karlmenn.
- Líkamleg vandamál eða truflun í þroska.
- Saga um ofvirkni í æsku.
- Einstaklingurinn kynnist fjárhættuspili snemma á ævinni með þeim hætti að það hafi verið mikils metið.